

JAFNLAUNASTEFNA TORGS

Torg gætir fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allt starfsfólk skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara eða fá jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Við ákvörðun launa skal huga að þáttum svo sem kjarasamningum, ábyrgð, álagi og frammistöðu. Laun skulu vera samkeppnishæf, komi fram óútskýrður launamunur skal hann leiðréttur.

Skilgreining Torgs á launajafnrétti styðst við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Torg sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Torg hefur innleitt verklag og skilgreint launaviðmið til að tryggja að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín út frá verðmæti starfa óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Torgs, að það standist lög varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Torg sig til að:

- Viðhalda jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðalinum ÍST 85:2012 og í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti. Ef um óútskýrðan mun hjá einstaklingi er að ræða skal bregðast við því strax en ef um óútskýrðan mun er að ræða milli hópa skal leiðrétta það frá og með næstu mánaðarmótum.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta á fundi hlíttni við lög.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsfólki Torgs. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef fyrirtækisins.
- Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Torgs.

Samþykkt í Reykjavík 25.01.2023